



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## ÍSLENSKU MENNTAVERÐLAUNIN 2009

Forseti Íslands afhenti nú í kvöld Íslensku menntaverðlaunin 2009 í Hofstaðaskóla í Garðabæ. Verðlaunin eru veitt í fjórum flokkum og voru verðlaunahafar sem hér segir:

1. Í flokknum *Skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi*: Norðlingaskóli í Reykjavík.
2. Í flokknum *Kennari sem hefur skilað merku ævistarfi eða á annan hátt skarað framúr*: Þorvaldur Jónasson myndamennta- og skriftarkennari við Réttarholtsskóla í Reykjavík.
3. Í flokknum *Ungt fólk sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt*: Sýlvía Pétursdóttir, kennari við Áslandsskóla í Hafnarfirði.
4. Í flokknum *Höfundur námsefnis sem stuðlað hefur að nýjungum í skólastarfi*: Helgi Grímsson, skólastjóri Sjálandsskóla.

Rökstuðning dómnefnda og upplýsingar um verðlaunin má finna á vef forsetaembættisins, forseti.is.

28. maí 2009

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).